

Foreldrafélag Sunnulækjarskóla

Desember 2010

Gleðileg
hátíð



Frá 3. fundi foreldrafélags Sunnulækjarskóla skólaárið 2010-2011

-Rætt var um **foreldrarölt**. Það virðist hafa farið vel af stað, forvitnast hafði verið hjá lögreglunni og þar kom fram að einu sinni hafi einungis einn mætt en í önnur skipti þrír eða fleiri. Tillaga kom um að skrifa punkta um gildi og vinnureglur foreldraröltsins sem setja mætti í möppu sem liggur á lögreglustöðinni og foreldrar geta lesið yfir áður en gengið er. Linda tók að sér að setja niður punkta.

-Rætt var um **tenglastarf** sem farið er af stað í flestum bekkjum en spurning kom upp á tenglafundi sem haldinn var í Sunnulækjarskóla hvort möguleiki væri að fá ípróttasal til bekkjarmóts og var ákveðið að kanna það mál.*

-Spurning hefur komið frá foreldri hvort foreldrafélagið geti haft milligöngu að koma á **skákkennslu** á vegum skólans og er það í skoðun.

-Til umræðu kom af hverju ekki er **barnakór** í Sunnulækjarskóla.



-Umræða var um hvernig best væri að koma **athugasemdum** til foreldrafélagsins. Fundarmenn voru sammála um að best væri að senda inn bréflega beiðni eða athugasemd annaðhvort með því að senda á stjórnarmeðlimi eða á tölvupóst foreldrafélagsins.

*Svar frá Braga Bjarnasyni:

Tenglar sem hafa áhuga á að vera með bekkjarskemmtun í einhverju af ípróttahúsunum á Árborgarsvæðinu geta haft samband við Braga bragi@arborg.is. Það þarf að koma fram dagsetning og tímasetning, hann athugar svo hvort það er laust einhversstaðar. Æskilegast er að allir skólarnir þrír koma sér saman um bekkjarskemmtun í ípróttahúsunum.

**Minnispunktur
fyrir
bekkjarstarfið**

**Árlegur
Foreldrafundur**



**Bekkjartenglum er
ætlað að virkja
foreldra en þeir
eru EKKI
skemmtanastjórar**



**Reynum að halda
kostnaði við
bekkjarsamkomur
í lágmarki.**



**Munum
útvistarreglunar**



**Sjá
hugmyndabanka og
viðburðadagatal
á heimasíðu
okkar.**



Bekkjarstarf

Samráð á milli umsjónahópa í sama árgang

Mikilvægt er að samráð sé á milli bekkjartengla í sama árgangi þannig að um keimlíka dagskrá sé að ræða í árgöngum. Við mælum þess vegna með að tenglar í hverjum árgangi hittist og stilli saman strengi.

Árlegur foreldrafundur

Við mælum með að tenglar boði stuttan fund með foreldrum þar sem vetrarstarfið er mótað. Þar fær fólk t.d. tækifæri til að kynna, ræða saman um reglur og uppeldisaðferðir og skiptast á skoðunum um skólann. Foreldrasáttmálinn er t.d. ágætur leiðarvísir fyrir foreldra þegar þeir hittast á fundinum. (sjá heimiliogskoli.is)

Dæmi um umræðuefni: Bekkjarskemmtun, útskriftaferð 10. bekkinga, afmælishald, afmælisgjafir, tölvu- og netnotkun, samskiptasíður, forvörn gegn vímuefnaneyslu, forvörn gegn einelti o.fl.

Frá tenglafundi 19. október 2010



Foreldrafélagið boðaði til fundar með bekkjartenglum úr öllum bekkjum 19. október 2010. 26 manns mættu á fundinn sem haldinn var í Sunnulækjarskóla. Helsta málefnið var að kynna starf bekkjartengla, skapa tengsl og aðstoða tengla við að koma vetrarstarfi af stað. Linda Björk bauð alla velkomna og talaði um mikilvægi þess sem fólgin eru í tenglastarfi, þ.e. að skapa tengsl milli foreldra barna. Einnig kom hún inn á góða frammistöðu bekkjartengla 7. bekkjar í fyrra en þá var sameinast um ferð allra 7. bekkja í Árborg og farin skautuferð til Reykjarvíkur sem heppnaðist mjög vel. Fundamenn skiptust á orðum og eldri tenglar miðluðu af reynslu sinni til nýrra bekkjartengla. Að lokum töluðu bekkjartenglar hvers árgangs saman og byrjuðu að undirbúa vetrarstarfið. Foreldrafélagið kallað svo til bekkjartengla 8., 9. og 10. bekkjar og kynnti væntanlegan forvarnarfund fyrir efsta stigið og boðunarleið fyrir fundinn, en tenglarnir ætla að hringja út til foreldra til að sem flestir mæti þann 28. okt.

